

Tveir fundir 9. júní 2005

Endurrit fundargerðar skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 9. júní 2005 (fyrri fundur)

Ár 2005 9. júní kom skipulags-, bygginga- og hafnarnefnd saman á Reykhólum. Hófst fundurinn kl. 09:40. Mættir allir aðalmenn auk byggingarfulltrúa og sveitarstjóra er reit fundargerð.

Í upphafi fundar greindi sveitarstjóri frá því að miðvikudaginn 22. júní væru væntanlegir tveir menn frá Siglingastofnun til að skoða væntanlegar framkvæmdir við Reykhólahöfn og Staðarhöfn.

- 1) Stöðuleyfi fyrir tvo gáma, erindi frá Guðbirmi Jósep Guðjónssyni í Króksfjarðarnesi. Málinu frestað þar til rökstuðningur fylgir, sbr. gr. 71.2 í byggingarreglugerð nr. 441/1998.
- 2) Breyting á svæðisskipulagi Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu, umsögn Skipulagsstofnunar. Lagt fram til kynningar.
- 3) Umsókn um byggingarleyfi fyrir sumarhús í Fremri-Gufudal, erindi frá Guðlaugu E. Guðbergsdóttur. Lagðar voru fram teikningar að húsinu. Teikningar samþykktar en ekki er hægt að gefa út byggingarleyfi fyrr en lóðarleigusamningur liggur fyrir og fyrir liggur að ekki verða gerðar athugasemdir við auglýst deiliskipulag á svæðinu.
- 4) Umsókn frá Eiríki Snæbjörnssyni á Stað um byggingarleyfi fyrir 243,6 ferm fjósi. Nýbyggingin á að tengjast eldra fjósi með tengibyggingu. Um er að ræða steinsteyppt hús og er kjallari undir því. Teikningar voru lagðar fram á fundinum. Teikningar samþykktar og byggingarfulltrúa falið að gefa út byggingarleyfi.
- 5) Erindi frá Húsafriðunarnefnd ríkisins ásamt teikningum af skjólgarði í norðausturhorni lóðar gamla barnaskólans í Flatey. Fram kemur að húsafriðunarnefndin geri ekki athugasemdir við teikninguna. Teikningar samþykktar.
- 6) Rætt um lóðaúthlutun í Flatey, staðsetningu minnismerkis um Jón Thoroddsen á Reykhólum og fyrirkomulag kringum væntanlega útsýnisskífu á Hellishólum.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:05

Þórður Jónsson (sign)

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Bogi Kristinsson Magnusen (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)